

Alþingi
Erindi nr. P 138/1338
komudagur 22.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 19. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga greiðsiuuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. (446. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heimild til skuldbreytingar á vangoldnum virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir ákveðið tímabil hjá aðilum í atvinnurekstri.

Viðskiptaráð Íslands hefur einnig skilað inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 445. mál, sem lagt var fram samhliða ofangreindu frumvarpi. Haldast þessu frumvörp í hendur að ákveðnu marki og vísast því til umsagnar Viðskiptaráðs um 445. mál samhliða þessari umsögn.

Viðskiptaráð fagnar því að lagt sé fram frumvarp sem er ætlað að koma til hjálpar fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri sem lent hafa í fjárhagslegum erfiðleikum í kjölfar hruns íslensks fjármálakerfis. Aðgerðir í þessa veru skipta sköpum fyrir endurreisnarstarfið, enda hefur það sýnt sig að með því að grípa ekki til neinna aðgerða þá minnka skil í ríkissjóð, gjaldþrotum fjölgar og um leið hægist á hjóllum atvinnulífsins.

Frumvarp þetta leggur til að aðilar í atvinnurekstri sem eru í tímabundnun vandræðum með skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda og því í greiðsluörðugleikum, hafi möguleika á greiðsluuppgjöri skatta og gjalda í vanskilum fyrir ákveðið tímabil. Forsenda slíks uppgjors er að aðili sé í skilum með aðra skatta og gjöld og sé í skilum með alla skatta og gjöld sem gjaldfalla frá 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011, þar með talið virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda, ásamt öðrum skilyrðum. Standi aðili skii á þeim sköttum og gjöldum kemur til skuldbreytingar á vangoldnum skatti í formi skuldabréfs án vaxta. Frumvarpi þessu er ætlað að koma til hjálpar þeim fyrirtækjum sem hafa lent í tímabundnum erfiðleikum en eru lífvænleg að öðru leyti.

Aðgerðir sem þessar geta vonandi komið til aðstoðar einhverjum fyrirtækja sem hafa lent í tímabundnum erfiðleikum sem eru að baki en erfitt hefur verið að komast upp úr. Niðurstaðan fyrir ríkissjóð ætti í raun að vera betri en án aðgerðanna. Með því að gefa þennan kost er hugsanlega hægt að bjarga einhverjum fyrirtækjum sem þá halda áfram rekstri með þeim greiðslum í ríkissjóð sem því fylgir. Þrátt fyrir þá skerðingu sem ríkissjóður tekur á sig með niðurfellingu vaxta þá verður heimtan að öllum líkindum betri þar sem viðkomandi fyrirtæki hefðu að öðrum kosti hugsanlega farið í þrot. Verður þó að halda vel utan um þessar aðgerðir svo veik staða ríkissjóðs verði ekki veikari fyrir vikið.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands